

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2002

frá 1. febrúar 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2001 frá 11. desember 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0053**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 (Stjtið. EB L 204, 28.7.2001, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/53/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 36 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 28.7.2001, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.